

**Bekkur:** 5. bekkur

**Námsgrein:** Samfélagsfræði og ART

**Kennarar:** Halla Björk Sæbjörnsdóttir og Steinunn Ýr Jónsdóttir

**ART Kennarar:** María Óladóttir og Heba Maren Sigurpálsdóttir

**Nemendur:** 42 nemendur

**Tímafjöldi:** 5 stundir á viku

Undir þessa grein heyra eftirtalin svið: saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Greinin fjallar um samfélög og menningu á gagnrýninn og upplýsandi hátt. Skylda hvers samfélags er að fræða nemendur um jafnrétti, mannréttindi, umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Nauðsynlegt er að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra svo sem við fjölskyldu, og að mynda ný tengsl við breytilegar aðstæður .

Rætur og menntagildi má útskýra á eftirfarandi hátt:

1. Hæfni til að skilja umhverfið, samfélagið og söguna til að víkka reynsluheim nemenda.
2. Hæfni nemenda til að átta sig á eigin sjálfsmýnd til að víkka út hugarheim nemenda.
3. Hæfni til að mynda og þróa tengsl við aðra og hvetja til þátttöku í félagsheimi sínum.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi á grundvallarviðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Að nemendur tileinki sér réttisýni og ábyrgð og gildismat sem byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra.

Hver fræðigreinin innan samfélagsgreina gegnir ákveðnu hlutverki.

Sögukennsla byggir á heimildum um sögu og samfélög frá fortíð til okkar tíma. Trúarbragðafræði á að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Landafræði fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum. Siðfræði eflir siðvit og fjallar um siðferðileg álitamál. Þjóðfélagsfræði fjallar um það þjóðfélag sem við búum í og samskipti okkar við umheiminn. Henni er ætlað að styrkja ábyrgð og frumkvæði nemenda á skapandi hátt. Lífsleikni svarar spurningum hvað varðar reynsluheim, hugarheim og félagsheim nemenda.

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum eru þrískipt:

1. Reynsluheimur m.a. : Siðferði, saga Íslands, saga heimsins, fjölmening, gagnrýnin hugsun, menningarläsi og lýðræði.
2. Hugarheimur m.a.: Sjálfsvitund, manngildi, jafnrétti, menntun, staðalmyndir, framsýni, tilfinninganæmi og gagnrýnin hugsun.

3. Félagsheimur m.a. :Borgaravitund, samfélagsreglur, borgaralegar skyldur, mannréttindi, tjáning, samræða og sáttfýsi.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið er eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingaáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
<p><b>Reynsluheimur</b></p>	<p><b>Nemandi getur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika og félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi</li> <li>• skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar, og lífsviðhorfa fyrr og nú</li> <li>• fylgt ferli orsaka og afleiðinga, af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta</li> <li>• gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar</li> <li>• notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga</li> <li>• metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð</li> <li>• lýst einkennum og þróun íslensk þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti</li> <li>• greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur kynna sér vísindaleg vinnubrögð með heimildarvinnu á bókasafni og á netinu vettvangsferðum og viðtölum.</li> <li>• Hópvinnu, verkefni og umræður tengdar námsefninu.</li> <li>• Nemendum leiðbeint hvernig finna skal og vinna má með heimildir.</li> <li>• Þátttaka í bekkjarART námskeiði</li> <li>• Lestur, umræður og verkefni unnin í vinnubók, stuðst við kortabók.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðsagnarmat –hópvinnu</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra</li> <li>• gert grein fyrir hugmyndum um sam hjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu</li> <li>• geri sér grein fyrir því hvernig Ísland varð til, lýst innviðum jarðar, jarðsögu Íslands, umhverfi og auðlindum og ólíkum landshlutum</li> <li>• geti gert sért grein fyrir lífi víkinga á Víkingaöld í Norður-Evrópu,</li> <li>• áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.</li> </ul>		
<p><b>Hugarheimur</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum</li> <li>• vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt</li> <li>• lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun</li> <li>• tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti</li> <li>• skilji bæði innri og ytri áhrifaþætti sjálfsmyndar</li> <li>• gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess</li> </ul>	<p><b>Nemendur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skoða mismunandi hliðar á þeim málum sem koma upp í daglegu lífi í formi umræðna og verða klípusögur nýttar.</li> <li>• fræðast um heilbrigða og holla lífshætti.</li> <li>• setja sér markmið.</li> <li>• fræðast um sjálfsmynd og aðferðir til þess að efla hana</li> <li>• taka þátt í bekkjarART námskeiði.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðsagnarmat - hópaverkefni.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum</li> <li>• sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni</li> </ul>		
<b>Félagsheimur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu</li> <li>• borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta</li> <li>• tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu</li> <li>• tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra</li> <li>• sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra</li> <li>• rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra</li> <li>• rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum</li> <li>• sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bekkjarfundir haldnir til að ræða um ýmis málefni og efni sem tengjast bekknum.</li> <li>• Nemendur eru þjálfaðir í samræðum og gagnrýninni hugsun með umræðu- og spurnaraðferðum.</li> <li>• Eineltishringurinn verður skoðaður og ræddur.</li> <li>• Uppbyggingarstefnan verður í hávegum höfð með vinnu eins og mitt og þitt hlutverk, gerð bekkjarsáttmála, þarfahringurinn skoðaður og fleiri verkefni.</li> <li>• Þátttaka í bekkjar ART námskeiði.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðsagnarmat - símat og hópaverkefni.</li> </ul>

**Kennslugögn:**

Ísland - veröld til að njóta, Víkingaöld, ART, Litli Kompás, Barnasáttmálinn

**Ítarefni:**

Ljósritað efni og efni af neti

**Lokamat:**

Einstaklings- og hópaverkefni metin jafnt og þétt yfir veturinn.